

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 1791/93****frá 30. júní 1993****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3664/91 um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,  
með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3279/92<sup>(2)</sup>, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3664/91<sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3568/92<sup>(4)</sup> er mælt fyrir um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum.

Frestur sem var gefinn til 30. júní 1993 vegna fullvinnslu tiltekinna vara er falla undir reglugerð (EBE) nr. 1601/91 og vegna fyrsta áfanga markaðssetningar þeirra með kynningu sem er í samræmi við ákvæði sem voru í gildi fyrir 17. desember 1991, ætti að framlengjast á meðan beðið er eftir niðurstöðum ítarlegrar tæknilegrar rannsóknar á notkun tiltekinna efna eða efnasamsetninga í nokkrum tegundum drykkja sem falla undir reglugerðina.

Á meðan beðið er eftir niðurstöðum ítarlegrar rannsóknar á þessum óleystu vandamálum ætti að fresta gildistöku nákvæmra reglna um beitingu og dagsetningu vegna ákvörð-

unar um hugsanlegar undanþágur, en dagsetningin er nú í báðum tilvikum 30. júní 1993.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit framkvæmdanefndar um kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 3664/91 er breytt sem hér segir:

1. Í stað „30. júní 1993“ í 5. mgr. 1. gr. komi „16. desember 1993“.
2. Í stað „30. júní 1993“ í 1. og 2. mgr. 2. gr. komi „16. desember 1993“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 1993.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

René STEICHEN

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 149, 14. 6. 1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 327, 13. 11. 1992, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 348, 17. 12. 1991, bls. 53.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 362, 11. 12. 1992, bls. 47.